

Vídd: Skólasamfélagið-foreldrar

Mælikvarði: Metnaðarfull fræðsla

a+b %


Samtals a og b 2009

78.65%

Samtals a og b 2010

80,12%

Viðmið 85%



Mælikvarði: Metnaðarfull fræðsla

númer	spurning	2009	2010
		a+b	a+b
1.	Telur þú að hæfileikar barns þíns njóti sín í skólanum?	70,3	73,4
2.	Telur þú að skólinn leggi metnað sinn í að kennslan sé góð	79,9	81,7
12.	Telur þú að nám barns þíns hæfi þroska þess og getu?	80,2	78,5
13.	Hvernig telur þú að barninu þínu líði í skólanum?	84,2	86,9
Samtals a+b		78,7	80,1

Farið yfir aðgerðaráætlun síðast árs og metið hvernig hefur gengið að vinna samkvæmt aðgerðaráætlun frá 2009-2010.

Styrkleikar:

Almennt líður nemendur vel í skólanum, skólinn býður upp á fjölbreytta kennsluhætti sem þó mættu vera sýnilegri

Veikleikar:

Einstaklingsmiðun í námi þar sem foreldrar telja að einstaklingsmiðað nám sé ekki sýnilegt í Kársnesskóla.

Aðgerðaráætlun:

Skólastjóri kynnti niðurstöður á kennarafundi í janúar og einblíndi sérstaklega á duglega nemendur þar sem skólinn stendur vel að einstaklingsmiðun gagnvart nemendum með sérþarfir. Einnig farið yfir hvernig skólinn kynnir fjölbreytta kennsluhætti við skólann. Skólastjóri fékk Grunnskólafulltrúa Kópavogs Ragnheiði Hermannsdóttur á kennarafund í febrúar þar sem Ragnheiður fór yfir möguleika skólans hvað varðar kynningarmál á starfsháttum skólans. Lagði hún áherslu á heimasíðu skólans að þar væri nýjustu upplýsingar og einnig hvaða fleiri leiðir eru færar til að ná til foreldra og kynna þeim fjölbreytta kennsluhætti og einstaklingsmiðað nám, t.d. einstaklingsmiðun í söguaðferðinni. Ragnheiður minnti á kennslugreinar þar sem væri mögulegt að einstaklingsmiða frekar. Má þar nefna stærðfræði og íslensku. Að varast að láta námsbækur ráða ferð heldur meta hvar hver og einn nemandi er staddur og bregðast við með krefjandi verkefnum í hverri grein. Sjá glærur skólastjóra og Ragnheiðar


Í framhaldi af þessum umræðum mun skólastjóri ræða við foreldra um þeirra sýn á einstaklingsmiðað nám og þá horfa sérstaklega til bráðgera nemenda.

Skólastjóri hvetur kennara til að senda foreldrum vikubríf sem tíðkast hafa hjá nokkrum kennurum en ætlunin er að verði almennari. Einnig að setja sem flestar og bestar upplýsingar inn á mentor.

Að haldið verði áfram að birta kennsluáætlanir kennarar og hvetja foreldra til að kynna sér þær.

Samtals a og b 2009**78,75%****Samtals a og b 2010****83,85%**

Viðmið 85



Styrkleikar:

Þátttaka foreldra í hinum ýmsu viðburðum í skólanum hefur ávallt verið góð og er enn á uppleið. Sérstaklega er þátttaka foreldra á yngsta og miðstigi góð

Veikleikar:

Lítið hefur verið um viðburði á unglingsstigi og er það mjög miður.

Aðgerðaráætlun:

Hvetja kennara og foreldra á unglingsstigi til að koma með hugmyndir að samveru þar sem foreldrum og nemendum gefst kostur á að hittast og eiga góðar stundir saman innan veggja skólans.

Vídd: Skólasamfélagið-foreldrar

Mælikvarði: Fagleg þjónusta skólans

a+b %


Samtals a og b 2009

84.55%

Samtals a og b 2010

86,27%

Viðmið 85%



Mælikvarði: Fagleg þjónusta skólans

númer	spurning	2009	2010
4.	Hvernig gengur þér að ná sambandi við skólann?	91,4	91,9
5.	Hvernig finnst þér upplýsingar vera sem þú færð um barnið þitt? Nám þess, gengi og ástundun	85,2	89
9.	Hefur þú nýtt þér stoðkerfi skólans, sjá að neðan		
10.	Ef fyrri spurningu er svarað játandi, finnst þér stoðkerfi skólans sinna þörfum þíns barns?	69,9	72,7
11.	Er almenn þjónusta skólans aðgengileg? Hér er átt við símsvörun, viðtalstíma kennara, tölvupóst og önnur almenn samskipti	91,7	92
	Samtals a+b	84,55	86,4

Farið yfir aðgerðaráætlun síðast árs og metið hvernig hefur gengið að vinna samkvæmt aðgerðaráætlun frá 2009-2010.

Styrkleikar:

Almenn ánægja með þjónustu skólans

Veikleikar:

Huga þarf að kynningu á stoðkerfi skólans á hverju hausti

Aðgerðaráætlun.


Að hausti verði gefið út netfréttabréf þar sem stoðkerfinu eru gerð skil

Vídd: Skólasamfélagið-foreldrar

Mælikvarði: Hlutfall foreldra sem nýta sér mentor daglega eða vikulega

Hve oft ferðu inn á mentor.is samtals daglega og vikulega 2009	69.8%
Hve oft ferðu inn á mentor.is samtals daglega og vikulega 2010	83,7%

Viðmið 60%



Styrkleikar: stöðug fjölgun er á foreldrum sem nýta sér mentor.is. Stjórnendur skólans leggja mikla áherslu á að kennarar setji inn sem flestar upplýsingar.

Leiðsagnarmat í mentor.is var í fyrsta skipti notað í vetur þar sem nemendur og kennarar skrá inn gengi og líðan nemandans. Mæltist þetta fyrirkomulag mjög vel fyrir bæði hjá nemendum/foreldrum og kennurum og verður haldið áfram á sömu braut á næsta skólaári og væntanlega gert á sama tíma og foreldraviðtölin eru.

Aðgerðaráætlun:

Halda áfram að virkja mentor.is sem mest og best

Vídd: Innra starf-nemendur

Mælikvarði: Hlutfall nemenda sem eru ánægðir með skólasamfélagið

a+b %


Samtals a og b 2009

74%

Samtals a og b 2010

81%

Viðmið 85% á grænt



Mælikvarði: Hlutfall nemenda sem eru ánægðir með skólasamfélagið

númer	spurning	2009	2010
2.	Hvernig finnst þér skólinn vera	65	74,4
3.	Hvernig finnst þér kannslan í skólanum vera?	66,5	81,7
4.	Ferð þú eftir skólareglum?	85,5	86,7
5.	Hvað finnst þér um skólareglurnar?	67,2	77,4
6.	Berðu virðingu fyrir kennurum skólans?	87,6	90,3
7.	Berðu virðingu fyrir gangavörðum skólans?	83,2	83,1
8.	Mér þykir vænt um skólann minn	62	69,9
Samtals a+b		74	81

Farið yfir aðgerðaráætlun síðast árs og metið hvernig hefur gengið að vinna samkvæmt aðgerðaráætlun frá 2009-2010.

Styrkleikar:

*Innleiðing á nemendalýðræði, Nemendur bera virðingu fyrir starfsmönnum skólans og segjast fara eftir skólareglum

Veikleikar:

Huga þarf enn betur að aðkomu nemenda í mótun á skólastarfinu t.d. endurskoðun á skólareglum,

Hvað finnst þeim vera góð kennsla og fjölbreyttir kennsluhættir

*Innleiðing á nemendalýðsræði

Í byrjun skólaárs var farið af stað með nemendalýðræði. Hver bekkur kaus sér 2 bekkjarfulltrúa sem kæmu til með að kynna niðurstöður bekkjarins. Fyrsta umræðuefnið var um hvernig hefur til tekist með Grænfánaverkefnið og hvað getum við gert betur. Deildarstjóri mið og elstasígs útbjó gátlista sem umsjónarkennarar fengu í hendur og tóku umræðuefnið fyrir. Að viku liðinni voru bekkjarfulltrúar boðaðir á fund deildarstjóra og farið yfri niðurstöður, sem voru settar á heimasíðu skólans.

Eftir áramót var annað umræðuefni tekið fyrir sem var samskipti ískólanum. Þ.e. samskipti milli nemenda og starfsmanna.. Stjórnendur eru ákveðnir í að halda áfram með málið en skoða betur framkvæmdina.


Vídd: Innra starf

Mælikvarði: Hlutfall nemenda sem eru jákvæðir gagnvart eigin sjálfsmynd og félagsfærni **a+b %**

Samtals a+b 2009 **73%**

Samtals a+b 2010 **78%**

Viðmið 85%



Mælikvarði: Hlutfall nemenda sem eru jákvæðir gagnvart eigin sjálfsmynd og félagsfærni

númer	spurning	2009	2010
9.	Hvernig líður þér í skólanum?	83,4	86,6
10.	Hvernig gengur þér að vinna með öðrum	86,4	88,1
11.	Gerir þú þitt besta í skólanum	86,4	90,3
12.	Finnst þér vera hlustað á tillögur þínar?	56,2	61,2
13.	Hefur þú trú á sjálfum þér?	78,8	80,6
14.	Finnst þér að hæfileikar þínir faí að njóta sín?	54,5	66,2
15.	Ég á vinkonu/vin, sjá fyrir neðan		
16.	Mér finnst gaman í skólanum	67,7	72,2
Samtals a+b		73	78

Farið yfir aðgerðaráætlun síðast árs og metið hvernig hefur gengið að vinna samkvæmt aðgerðaráætlun frá 2009-2010.

Styrkleikar:

Innleiðing á nemendalýðræði, nemendur taka þátt í könnunum

Innleiðing á *„uppeldi til ábyrgðar“

Veikleikar:

Nemendum finnst þeir hafa of lítil áhrif í ákvarðanatöku innan skólans og hlusta þarf meira á hvað nemendur hafa að segja

Nokkuð mörgum nemendum finnst að hæfileikar þeirra fái ekki að njóta sín

Aðgerðaráætlun:

Að tryggja að tillögur nemenda verði teknar til skoðunar og nemendum tilkynnt um í hvaða farveg málin hafa farið

Að allir nemendur upplifi að styrkleikar þeirra fái að njóta sín, huga betur að sýnilegri einstaklingsmiðun í námi. Koma á laggirnar fjölgreindarleikum sem miða að því að enginn er góður í öllu en allir eru góðir í einhverju. Dagsetning er í lok september. Nánari útfærsla í vinnslu.

*Innleiðing á uppeldi til ábyrgðar hófst í byrjun skólaárs.

Myndað var teymi með fulltrúum allra starfsstétta í skólanum og þeim fengið það hlutverk að móta innleiðinguna.

Verkefni eitt:

Að allir starfsmenn fóru í þarfagreiningu það sem hver og einn skoðar sinn innri mann og finnur út hvaða þörf er sterkust hjá honum út frá þörfunum 5 sem hugmyndafræðin byggir á. Ást, frelsi, umhyggja....Hver og einn starfsmaður bjó til tréplatta þar sem hann útfærði sína persónugerð og setti fram á myndrænan hátt sínar helstu þarfir og áhugamál. Unnið út frá gátlistum sem allir svöruðu. Plattarnir voru hengdir upp í báðum byggingum

Í kjölfarið á þessari vinnu fóru umsónarkennara í svipaða vinnu með nemendum þar sem þarfirnar voru kynntar og hver og einn skoðaði sínar helstu þarfir

Verkefni tvö:

Mitt hlutverk og þitt hlutverk. Teymið skipulagði vinnu allra starfsmanna og nemenda þar sem farið var yfir hlutverk hvers og eins og í skólanum. Hverju bekk var úthlutað 2-3 starfsgreinar og nemendur beðnir um að greina niður hlutverk hvers starfs og hlutverk nemenda gagnvart hverju starfi. Fulltrúi viðkomandi starfs fór í heimsókn í bekki til að nemendur gætu betur glöggvað sig á starfssviði hvers og eins. Nemendur gerðu plaköt sem hengd voru víða um skólann, gjarnan nálægt starfsstöðvum viðkomandi starfsmanna. Vel tókst til og er þetta verkefni liður í að greina upp á nýtt og skólreglur Kársnesskóla og er þarft innlegg í þá vinnu.

Verkefni þrjú:

Þolmörk

Teymið bað kennara að fara yfir hugtakið þolmörk með nemendum. Á starfsmannafundi eftir áramót var efni tekið fyrir og starfsmenn unnu í hópum og skráðu niður hvað þeim fannst um þolmörk. Hvers konar hegðun er það sem fer yfir viðurkennd þolmörk skólans. Einnig kynntu kennarar niðurstöður úr umræðum úr bekkjum um sama efni. Í lok fundar kynntu hóparnir sínar helstu niðurstöður og fulltrúar teymis skráðu niður. Teymið mun varðveita niðurstöður og setja saman í skýrslu. Á næsta skólaári er ætlunin að taka málið upp aftur og þá í samhengi við endurskoðun á skólareglum skólans.

Það er samdóma álit allra starfsmanna að vel hafi tekist til með fyrstu skref innleiðingar á uppeldi til ábyrgðar. Teymið ásamt stjórnendum skólans er að skoða með hvað hætti foreldum verði kynnt stefnan og eru fyrstu hugmyndir þær að á haustdögum þegar skólastarfið er kynnst verði sá dagur notaður til að kynna foreldrum málið.

Vídd: Innra starf Dægradvöl - foreldrar

Mælikvarði líðan barna í Dægradvöl og starfshættir

a+b %


Samtals a+b 2009

86%

Samtals a+b 2010

86%

Viðmið 85%



Könnun gerð í mars 1010.

Niðurstöður :

Sömu niðurstöður koma fram og 2009 eða 86%.

Styrkleikar: börnum liður almennt vel og foreldrar eru ánægðir með þjónustu Dægradvalar.

Viðmót starfsmanna er gott

Veikleikar:

Starfið mætti vera fjölbreyttara, gæsla á útivöllum mætti vera betra að sögn foreldra og hugað verði vel að hollustu í síðdegishressingu

Aðgerðaráætlun:

Aðgerðir á síðasta ári voru að kaupa lituð vesti fyrir starrsmenn á útivakt.

Ávaxtaneysla hefur aukist til muna og passa starfsmenn vel upp á jafnvægi í brauðneyslu og ávaxtaneyslu. Starsmenn sjá að börnin virðast ekki borða nægilega vel í hádeginu og koma því oft mjög svöng í Dægradvöl. Síðdegishressing er ekki heil máltíð en börnin fá ávallt nægju sína af brauði og ávöxtum á degi hverjum.

Gæsla í Dægradvöl er ekki minni en á venjulegum skóladegi og eru þeir sem eru á vakt með farsíma til að auðvelt sé að hafa samband ef foreldrar koma að sækja börnin á meðan á útivist standur.

Niðurskurður á kennaratímum um 50% kemur í veg fyrir að fleiri áhugahópar verði myndaðir. Hópar sem voru að störfum í vetur voru: heimanám, smíði, íþróttir, skák,

Kynna þarf foreldrum betur starfið með fleirir fréttabréfum. Ákveðið að gera það að hausti og eftir áramót

